

Reglur Húsnæðisnefndar Grundarfjarðarbæjar

- Vegna úthlutunar íbúða fyrir eldri borgara -

Um rétt til úthlutunar fer eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og nánari skilyrðum sem fram koma í reglum þessum.

I. kafli - Skilyrði fyrir leigurétti

1. gr.

Almenn skilyrði

Umsækjandi skal hafa lögheimili í Grundarfjarðarbæ og hafa haft það s.l. 12 mánuði, þegar umsókn er tekin til afgreiðslu. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu enda sé ekki öðrum umsækjendum til að dreifa.

Umsækjandi skal vera skuldlaus við Grundarfjarðarbæ og stofnanir bæjarfélagsins eða fyrirtæki.

2. gr.

Tekjur

Tekjumörk eru samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir með síðari breytingum. Við mat á því hvort umsækjandi er undir tekjumörkum skal líta til tekna umsækjanda samkvæmt afriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra og launaseðlum þess árs þegar umsókn um leiguhúsnæði er afgreidd. Með tekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, allar tekjur, þ.e. atvinnutekjur, skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingasjóðum. Húsaleigubætur teljast ekki til tekna.

3. gr.

Eignir umsækjanda og maka eða sambýlismanns

Eignamörk eru samkvæmt því sem kveðið er á um, í reglugerð nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, með síðari breytingum. Umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili sem eiga eignir umfram eina fjölskyldubifreið og eina fasteign, njóta almennt ekki forgangs við úthlutun.

II. kafli - Umsóknir, skráning, mat o.fl.

4. gr.

Umsóknir

Húsnæðisnefnd Grundarfjarðar fjallar um fyrirliggjandi umsóknir og áskilur sér rétt til að kalla eftir viðbótarupplýsingum ef með þarf. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja, eftir því sem við á, svo hægt sé að taka umsókn til afgreiðslu.

- ✓ Skattframtal síðasta árs – staðfest afrit frá skattstjóra, ásamt launaseðlum fyrir síðustu þrjú mánuði.
- ✓ Hafi umsækjandi eða maki keypt eða selt fasteign sl. ár skal afrit af kaupsamningi fylgja umsókn.

- ✓ Læknisvottorð – ef um er að ræða lasleika, veikindi eða fötlun e-s konar sem styrkt geta umsókn.
- ✓ Vottorð um ástand húsnæðis – ef um er að ræða heilsuspillandi eða óhentugt húsnæði.
- ✓ Vottorð um örorku.

5. gr.

Mat á umsóknum

Við úthlutun íbúða verður m.a. tekið tillit til eftirtalinna atriða ef til forgangsroðunar kemur. Umsækjendur eru þá metnir með hliðsjón af sérstakri stigagjöf skv. reglum sem húsnæðisnefnd setur og öðlast hafa staðfestingu bæjarstjórnar.

1. Fjölskyldustærð
2. Heilsufar og vinnugeta
3. Húsnæðisaðstæður
4. Tekjur og eignir
5. Aldur
6. Fyrri umsóknir

Við mat á stærð og gerð húsnæðis sem kemur til úthlutunar, er ennfremur höfð hliðsjón af fjölskyldustærð umsækjanda, núverandi húsnæðisaðstöðu og öðrum aðstæðum sem máli kunna að skipta.

III. kafli – Önnur ákvæði

6. gr.

Framkvæmd

Skilyrði Húsnæðisnefndar Grundarfjarðarbæjar fyrir úthlutun eru háð þeim reglum sem um getur í lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og settum reglugerðum á grundvelli þeirra sbr. 6. gr. reglugerðar nr.183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

Heimilt er húsnæðisnefndum að víkja frá reglugerð um tekju- og eignarmörk, sbr. 6. gr. reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 183/2020. Ósk um undanþágu skal fylgja umsögn frá félagsmálanefnd í viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.

Tilkynning

Niðurstöður úthlutunar skulu tilkynntar umsækjendum svo fljótt sem auðið er. Þeim sem fá úthlutað húsnæði verður jafnframt veittur hæfilegur frestur til að ganga frá endanlegum samningi.

Samþykkt af bæjarráði Grundarfjarðar 28. febrúar 2024 og bæjarstjórn Grundarfjarðar
12. mars 2024.

Björg Ágústsdóttir